

Sp. 173. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um athugun möguleika á byggingu og rekstri flöskuverksmiðju á Íslandi.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna, hvort tiltækilegt sé að byggja og reka flöskuverksmiðju á Íslandi.

Sérstaklega skal haft í huga við þá könnun, hvort ekki sé unnt að nýta fyrir starfsemi umræddrar verksmiðju að einhverju eða öllu leyti eitthvað af byggingum Síldarverksmiðja ríkisins, sem nú standa ónotaðar víða um land.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að brýna nauðsyn ber til, að athugaðir verði sem fyrst af hálfu ríkisvaldsins möguleikar á byggingu nýrra atvinnufyrirtækja, sem í senn gætu veitt hér aukna atvinnu og sparað gjaldeyri. Í tillögu þeirri, sem að framan greinir, er ríkisstjórninni falið að láta kanna möguleika á stofnkostnaði og rekstrargrundvelli flöskuverksmiðju á Íslandi.

Á s. l. ári voru keyptar til landsins af Mjólkursamsölunni, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, Lyfjaverzlun ríkisins, lyfjabúðum, ölgerðum og efnagerðum landsins o. fl. aðilum tómar flöskur og önnur glerilát undir framleiðslu þessara fyrirtækja fyrir rúmar 12 millj. kr. Árið 1968 var varið rúmum 7 millj. kr. til kaupa á tónum flöskum og árið 1967 álíka upphæð.

Það er skoðun flutningsmanns, að kanna beri ofan í kjölinn stofnkostnað flöskuverksmiðju í samræmi við núverandi þörf landsmanna, en stækkunarmöguleikar yrðu þó hafðir í huga. Jafnframt skal kannað, hvort grundvöllur væri fyrir rekstri hennar, því að staðreynd er það, sem ekki verður sniðgengin, að vegna fæðar þjóðarinnar er hér ekki um stóran markað að ræða og vart er hægt að gera ráð fyrir, að um útflutning geti orðið að ræða af framleiðslu slíkrar verksmiðju, a. m. k. ekki fyrst í stað.

Ótal spurningar vakna í sambandi við þetta mál, þar á meðal þessar:

1. Er ekki hugsanlegt, að nota megi verksmiðjuhús Síldarverksmiðja ríkisins til annars framleiðsluiðnaðar þann tíma, sem ekki veiðist síld, t. d. nota eitthvað af húsum þessum sem verksmiðjuþláss og birgðageymslur fyrir flöskuverksmiðju?
2. Koma þá ekki Skagaströnd eða Siglufjörður til greina sem samastaður slíkrar verksmiðju, þar sem um er að ræða rúmgóð, ónotuð húsakynni?
3. Er hráefni til flöskugerðar fánlegt hér á landi að einhverju eða öllu leyti, eða þarf að kaupa það allt erlendis frá og þá hvaðan og fyrir hvaða verð?
4. Er hugsanlegt, að framleiðsluverð íslenzkrar flöskuverksmiðju mundi verða samkeppnisfært við hagkvæmasta verð flaskna á erlendum markaði?
5. Hvað mundu margir fá atvinnu við slíka flöskuverksmiðju miðað við þá stærð, er fullnægði þörfum framangreindra fyrirtækja?

Að lokum má minna á lögin um Iðnþróunarsjóð, sem gera ráð fyrir að lána til byggingar nýrra verksmiðja og styðja við bakið á nýjum framleiðslugreinum landsmanna.